

Starfslýsing æskulýðsfulltrúi Lágafellssóknar 100 % starfshlutfall

Æskulýðsfulltrúi er ráðinn af sóknarnefnd Lágafellssóknar, starfshlutfallið er 100% og lýtur hann tilsjónar sóknarprests og/eða prests í störfum sínum. Æskulýðsfulltrúi mótar stefnu og starf æskulýðsstarfsins í samráði við presta Lágafellssóknar og sóknarnefnd en ábyrgð á efnistöku trúarlegs boðskapar alls starfsins er á höndum prestanna.

Vegna eðli kirkjulegs starfs, er ekki gert ráð fyrir að greidd sé yfirvinna, heldur gert ráð fyrir að æskulýðsfulltrúi skipuleggi safnaðarstarf á sínum vettvangi þannig að verkefni hans falli innan 100% starfshlutfalls. Þannig má gera ráð fyrir að mæta þurfi kvöld og helgarvinnu, sem og vinnu á stórhátíðum með frítökurétti.

Allt efni, hugverk, handrit og annað sem fulltrúinn vinnur í starfi sínu er eign vinnuveitanda.

Í starfi æskulýðsfulltrúa Lágafellssóknar fellst skipulagning og umsjón með æskulýðsstarfi samkvæmt eftirfarandi:

Sunnudagaskóli:

Umsjón og skipulagning sunnudagaskólans í samstarfi við presta Lágafellssóknar og í samvinnu við organista safnaðarins sem leiðir tónlist. Sunnudagaskólinn er almennt í Lágafellskirkju, en fjölskyldumessur eru að jafnaði tvisvar til þrisvar sinnum á önn. Stefnt skal að því að fjölskyldumessur tengi saman starf barna- og æskulýðsstarfs sóknarinnar og hefðbundinnar messur á forsendum beggja.

Starfið krefst undirbúnings og frágangs.

Kirkjukrakkar :

Samvera krakka úr 1.-2. Bekk í samvinnu við frístundasæl tveggja skóla í Mosfellsbæ. Umsjón og skipulagning starfsins, hefur með sér 1 til aðstoðar. Kirkjukrakkar eru vikulegur viðburður. Krefst undirbúnings og frágangs. Leita samstarfs við nýja grunnskóla bæjarfélagsins um samskonar starf.

Barnastarf fyrir 3 -4 bekk: Æskulýðsfulltrúa er ætlað að leita leiða til að hefja og halda við starfi fyrir þennan aldursflokk en slíkt starf hefur ekki verið fyrir hendi.

TTT:

Samvera krakka 10 til 12 ára (TTT). Umsjón og skipulagning starfsins, hefur með sér 1- 2 til aðstoðar, TTT er vikulega Krefst undirbúnings og frágangs.

Æskulýðsstarf,

Æskulýðsfulltrúi skipuleggur vetrarstarf, áherslur og markmið í samstarfi við presta safnaðarins. Hefur umsjón með æskulýðsfundum og hefur með sér leiðtoga til aðstoðar. Um er að ræða vikulega viðburði. Krefst undirbúnings og frágangs.

Æskulýðsfulltrúi stuðlar að og eflir leiðtogaþjálfun og skapar tengsl við aðra hópa innan þjóðkirkjunnar sem koma að æskulýðsmálum. Þá skapar hann grundvöll fyrir og hefur umsjón með þátttöku æskulýðsstarfsins í æskulýðsmótum á héraðs- og landsvísu.

Æskulýðsfulltrúi tekur þátt í fermingarfræðslu Lágafellssóknar með prestum safnaðarins í þeim tilgangi að skapa tengls milli fermingarbarna og æskulýðsstarfs. Þá styður æskulýðsfulltrúi við og aðstoðar á viðburðum tengdum fermingarstarfi, s.s. söfnun vatnsverkefnis og ferðir í Vatnaskóg.

Umsjón með samfélagsmiðlum, vefsíðu og foreldrasamskiptum

Æskulýðsfulltrúi sér um kynningar, auglýsingar og sýnileika æskulýðsstarfsins í samfélaginu. Hér er átt við að tryggja það að allt barna- og æskulýðsstarf sóknarinnar sé vel kynnt og auglýst og að á hverjum tíma séu réttar upplýsingar á samfélagsmiðlum um dagskrá starfsins og leiðtoga þess. Þá innleiðir og/eða stjórnar æskulýðsfulltrúi póstlistum og öðrum hópum á samfélagsmiðlum.

Æskulýðsfulltrúi sjái um samskipti við foreldra og fái þá eftir atvikum að starfinu með börnum sínum, sérstaklega við sérstök tilefni eins og ferðir og æskulýðsmót, með sama hætti og þekkt í íþróttastarfi (þar sem foreldrar taka að sér liðsstjórn).

Önnur tilfallandi verkefni

Æskulýðsfulltrúi situr vikulega samráðsfundi presta og starfsmanna Lágafellssóknar. Æskulýðsfulltrúi kemur að og tekur þátt í sameiginlegum verkefnum æskulýðsstarfs í Kjalarnesprófastdæmi, aðstoðar við leiksskóla og skólaheimsóknir á aðventu og tekur eftir atvikum þátt í fjölskylduguðspjónustum og helgihaldi á æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar.

Einnig felast í starfinu önnur tilfallandi verkefni tengt safnaðarstarfinu.

Lágafellssókn sér æskulýðsfulltrúa fyrir starfsaðstöðu og nauðsynlegum búnaði til starfsins. Með umsókn er veitt heimild til öflunar sakarvottorðs.